

# SKÍRNIR

TÍMARIT  
HINS ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAGS

158. ÁR

RITSTJÓRAR  
KRISTJÁN KARLSSON  
SIGURÐUR LÍNDAL



REYKJAVÍK  
1984

# Um þýðingu Halldóru B. Björnsson á Bjólfskviðu

1

Í FORMÁLA að þýðingu Halldóru B. Björnsson á Bjólfskviðu get ég þess að Halldóra víki stökum sinnum frá merkingu frumtextans „af ásettu ráði, og er þá ætlun hennar . . . að varðveita hljóm og ytri ásýðnu frumtextans“.<sup>1</sup> Sem sagt: í þeim átökum milli forms og efnis sem hver þýðandi þekkir hefur Halldóra ekki alltaf valið þá leið að lofa efninu að ráða ferðinni. Hjá henni skiptir oft ytri búningur kvæðisins, málfar og bragarháttur, a.m.k. jafnháan sess og efni þess.

Í þessari grein verður þessum átökum lýst nánar og reynt að skýra frá ýmsum afleiðingum þeirra.

„Orðrétt þýðing er bókmenntalega séð röng þýðing sem hefur glatað tilfinningalífi verksins og jafnvel orðanna sjálfra,“ segir Guðbergur Bergsson.<sup>2</sup> Nú eru Guðbergi hugleiknar þýðingar úr spænsku, en spænska og íslenska eru tiltölulega fjarskyld mál sem bæði hafa fjarlægst svo sameiginlegan uppruna að sjálfst hugtakið *orð* hefur harla ólíka merkingu í hvoru máli um sig. Orðrétt þýðing úr spænsku á íslensku verður oft ekki einasta röng, heldur einnig illmöguleg, og vísust til að stríða gegn lög-málum íslenskunnar. Reyndar nota ég hugtakið „orðrétt“ í þrengri merkingu en Guðbergur virðist gera. Hjá honum virðist það merkja þýðingu sem fylgir frumtextanum það náíð að hún komi eingöngu hinni eiginlegu merkingu frumtextans til skila, án tillits til stílseinkenna eða málfars. Hinsvegar nota ég að þessu sinni hugtakið „orðrétt“ um það þegar hvert orð í frumtextanum á sér samsvarandi orð í þýðingunni.

Ekki er þó hægt að fordæma orðréttar þýðingar fyrir það eitt að þær séu orðréttar. Spanska og íslenska eru þrátt fyrir allt það nálægar hvor annarri í tíma og rúmi að vel megi hugsa sér lengri eða skemmri mállotur sem þýða mætti orðrétt að ósekju, enda hægt að tilfæra dæmi úr þýðingum Guðbergs.<sup>3</sup> Ljóst er þó, að slík tilfelli gerast oftast af hendingu. Guðbergur lýsir þýðingarferlinu þannig, að „þýðandinn lætur hinn erlenda texta flæða gegnum skilninginn og færir á nýja tungu.“<sup>4</sup> Með þessu er þó ekki loku fyrir það skotið að besta þýðingin reynist orðrétt þegar upp er staðið.

Fljótt á litið ætti skyldleiki tungumálanna að skipta litlu um þýðingaraðferð. Þó má gera ráð fyrir því að þýðingin verði oftast orðrétt því nærskyldari sem tungumálin eru. Það er til að mynda ekki tiltökumál þótt bókmenntaleg þýðing úr íslensku á fær-eysku feli í sér heilar setningar sem eru ekki einasta orðréttar heldur mikið til stafréttar. Í þýðingu Martin Næs á ljóðbók Snorra Hjartarsonar, *Hauströkkrið yfir mér*, má finna marga kafla þar sem frumtextinn birtist nær óbreyttur:<sup>5</sup>

(1) Lauffallið ristir rauðar  
rúnir í þokuna

Leyvfallið ristir reyðar  
rúnir í tokuna

Sú spurning vaknar, hvort þýðingarferlið í slíkum þýðingum sé sambærilegt því sem Guðbergur lýsir. Eigum við að gera ráð fyrir því að verklag góðs þýðanda sé hið sama hvort sem þýðingin samsvari frummálinu setningu fyrir setningu, orð fyrir orð, eða staf fyrir staf? Að „flæðið gegnum skilninginn“ fylgi sömu lögmálum án tillits til skyldleika tungumálanna? Guðbergur segir: „Það erfiðasta í þýðingum er að ráða við þetta flæði, temja streymið en leyfa því samt að leika frjálsum um ómeðvitundina og meðvitundina og málkenndina fyrir báðum tungumálum.“<sup>6</sup> Að ýmsu leyti er hér komin notadrjúg lýsing á sköpunarstarfi yfirleitt: „Lífið er í víðri merkingu þýðingarstarf,“ segir Guðbergur;<sup>7</sup> vandinn er að temja streymið án þess að hefta. En þegar þýtt er milli náskyldra tungumála getur streymið orð-

ið það þróttmikið að þýðandinn fái lítt við ráðið, málfar frumtextans taki að ráða ferðinni. Í grein sinni Úrvinnsla orðanna lýsir Helga Kress því þegar þýðing úr náskyldu tungumáli dregur um of dóm af málfari frumtextans.<sup>8</sup> En í þýðingu sinni á Bjólfskviðu notfærir Halldóra B. Björnsson sér skyldleika tungumálanna án þess að leyfa málfari frumtextans að ná yfirhendinni. Henni tekst að koma til skila málfarseinkennum frumtextans án þess að vera þeim nokkur tíma háð.

## 2

Fornenska kviðan um Bjólf (Beowulf) telur 3182 ljóðlínur ortar undir hinum forngermanska bragarhætti með fjórum áhersluatkvæðum í hverri línu, stuðli og höfuðstaf; eða 6364 vísuorð miðað við fornyrðislag. Efni kviðunnar og hinna mörgu útúr-dúra hennar snertir sögupætti um fornkonunga Dana, Gauta og Svía sem kunnir eru úr norrænum heimildum, auk annarra sagna sem ýmist koma fram í evrópskum heimildum frá miðöldum eða eru að öðru leyti óþekktar. Sagt er hvernig Gautinn Bjólfur hreinsar höll Hróðgeirs (Hróars) Danakonungs af ásókn-um óvættarinnar Grendils og móður hans, og seinna hvernig Bjólfur sem aldinn konungur Gauta vegur orm sem tekur að herja á ríki hans, en lætur sjálfur lífið í viðureigninni. Inn í kvæðið fléttast minni sem svipar mjög til atburða í Grettis sögu, Hrólfs sögu kraka, Bjarka rímum og öðrum sögum.<sup>9</sup>

Halldóra B. Björnsson hóf að þýða kvæðið í nóvember 1966 og lauk við fyrsta uppkastið í janúar 1968.<sup>10</sup> Hún var þá orðin alvarlega veik, en henni entist aldur til að breyta og lagfæra víða áður en hún lést síðar á sama ári. Handritið sem hinn prentaði texti er unninn úr er til í þremur vélrituðum eintökum, að mestu samstæðum en með fjölda mismunandi handskrifaðra athugasemda, og má þar greina rithendur Óskars Halldórssonar og Stefáns Einarssonar, auk Halldóru sjálfar.

Halldóra þýddi beint úr fornensku og sagði mér sjálf árið 1967 að hún vildi ekki verða fyrir áhrifum frá öðrum þýðingum.<sup>11</sup> Náinn skyldleiki fornensku og íslensku gerir það að verkum að sá sem er kunnugur íslensku skáldskaparmáli verður til-tölulega fljótur að ná tókum á máli Bjólfskviðu. „Ímyndað ís-

lenskt eða norskt skáld sem ætlaði sér að endursegja Bjólfskviðu hefði líklega gert það án teljandi fyrirhafnar,“ segir John D. Niles.<sup>12</sup> Oft kemur fyrir, að þýðingin hjá Halldóru er nánast stafrétt, þannig að hvert orð í þýðingunni samsvarar alskyldu orði í frumtextanum í fullu setningafræðilegu tilliti:

- (2) Þæt was góð cyning!  
= Það var góður konungur! (11)
- (3) Weard maþelode, ðær on wicge sæt  
= Vörður mælti, þar á viggí sat (286)
- (4) siþðan ic hond ond rond hebban mihte  
= síðan ég hönd og rönd hefja mátti (656)
- (5) Ne þynceð mé gerysne þæt wé rondas beran  
= Né þykir mér reisin að rendur berum (2653)

Þessi nána samsvörun tryggir þó á engan hátt að þýðingin verði nákvæm. Þetta sést vel í (2): þrátt fyrir yfirborðslíkingu setninganna hafa þær mjög ólíka merkingu. Konungshugtakið hjá fornenska skáldinu er svo fjarri reynsluheimi okkar að við skynjum það ógreinilega, úr mikilli fjarlægð. Konungur er húsbóndi, vinur og verndari ættmanna sinna, um leið og hann er drottinn, herra dróttarinnar. Hann býr yfir þeirri visku og þekkingu sem fólk hans þarfnast til að lifa í óvinveittu umhverfi. Fornenskt skáld talar um „vísdomsorð síns kæra vindróttins“, og tjáir ást til herrans með orðum sem seinni tíma menn hafa heldur um nána ástvini: hann dreymir um að mega „faðma og kyssa herra sinn, leggja hendur og höfuð í kjöltu hans“.<sup>13</sup> Greinilega hefur orðið „konungur“ allt annað merkingarsvið í nútímaíslensku. En hvað er til bragðs að taka? Á þýðandi að freista þess, með því að umskrifa, e.t.v. í löngu máli, að gera grein fyrir hugmyndum sem eru svo fjarri eigin tungutaki? Slíkt væri fremur textaskýring en þýðing. Leið Halldóru er að færa lesandanum í staðinn eins glögga mynd af frumtextanum og henni er unnt, svo hann verði sjálfur fær um að túlka þær hugmyndir sem þar búa.

Þeir möguleikar sem felast í skyldleika fornensku og íslensku gera Halldóru kleift að nálgast frummálið og þar af leiðandi hugtakaheim þess á þann hátt sem tæpast er unnt í nokkru nú-

tímatungumáli öðru. Um þetta er (4) glöggd dæmi: „Að hefja hönd og rönd“ er ekki orðasamband sem mér hefur tekist að finna í íslensku, og þó sómir það sér ekki illa. Í erlendum þýðingum sem ég hef undir höndum, í bæði bundnu og óbundnu máli, kemst bókstafleg merking þessarar setningar iðulega ágætlega til skila: „síðan ég varð nógu gamall til að taka vopn í hönd“ eða þvíumlíkt; en hvergi kemur í ljós orðtakseðli (formulaic character) setningarinnar og hið nána samspil ríms og stuðuls, orðtaks og bragarháttar, sem hér birtist.

Um bragarhátt þýðingarinnar gildir það sama. Oft hefur verið reynt að herma eftir hinum forngermanska bragarhætti Bjólfskviðu í þýðingum,<sup>14</sup> en það gefur að skilja að önnur tungumál geta varla keppt við íslensku á þessu sviði. Bragarháttur Bjólfskviðu er lítt frábrugðinn fornyrðislagi, eins og dæmin hér að framan bera með sér. Finna má brotalöm hér og þar í bragarhætti þýðingarinnar, en oft er ljóst að um áhrif frá frumtextanum er að ræða:

- (6)                   madma mænigo, þar him mid sceoldon . . .  
= margir dýrgripir, er með honum skyldu . . . (41)

Hér ber hið atkvæðalitla orð „með“ höfuðstaf; að vísu veldur breytt orðaröð í fornenskunni því að orðið *mid* tekur sterkari áherslu, en engu að síður er einnig þar lýti af. Í bögu sem Halldóra setti á titilblað þýðingarinnar hefur hún þetta að segja um kviðuna:

Söngur Bjólfs er lotulangr  
lengi sóttust fræðin ströng  
ströngum þykir rekkum rangr  
rengja mig um góðan söng

Hér slær Halldóra tvær flugur í einu höggi, setur fram eigin afstöðu til kviðunnar (hún sé „góður söngur“) og minnir um leið á að ekki verði sagt um sig að hún hafi ekki brageyra. Þegar slík lýti koma fram í þýðingunni er vert að athuga frumtextann áður en dæmt er, því Halldóra leitast við að varðveita yfirborðseinkenni frumtextans — bragarhátt og málfar — svo sem frekast er unnt.



Í þessari grein mun ég nota heitið *samyrdi* til að merkja orð sem samsvarar frumtextanum á þennan hátt, hvort sem um setningafræðilega samsvörun er að ræða eða ekki, en *samyrd þýðing* þegar þýðingin er þar að auki setningafræðilega samsvarandi.

Til að gefa gleggri mynd af fjölda skyldra orða í þýðingunni er ekki úr vegi að nefna hér að við athugun á fyrstu 120 línunum kviðunnar reyndust samyrði vera um 41%, en aðeins um 31% í setningafræðilegri samsvörun.<sup>15</sup> Samsvarandi tölur fyrir fyrstu 5 kvæði í þýðingu Martin Næs eru 79% og 70%, og sést af þessu að færeyska þýðingin er mun nákvæmari, enda tungumálin skyldari.

Notkun samyrða hefur það oft í för með sér að Halldóra fyrir málið; t.d. í (5) hér að framan er mynduð neitun með atviksorðinu „né“, og í (3) kemur fyrir skáldskaparheitið „vigg“, sem er hvorugkynsorð og merkir hestur. Í þýðingunni er mikið af orðum sem heyra til íslensku skáldskaparmáli, sum löngu horfin úr málvitund flestra Íslendinga. Í eftirfarandi dæmum úr Bjólfskviðu er fornenska orðið gefið fyrst, merking þess í svigum, og þýðing Halldóru síðast:

- (9) *béacen* (tákn, gunnfáni) = bákn (2777)  
*beadoméce* (sverð) = böðmækir (1454)  
*bearwas* (tré) = börvar (1363)  
*byre* (sonur) = bur (2053)  
*bealohýdig* (árásargjarn) = bölúðugur (723)  
*friðusibb* (kona) = friðarsif (2017)  
*güðfloga* (dreki) = gunnflogi (2528)  
*hild* (orusta) = hildur (1460)  
*heorudréorig* (sverð-blóðugur) = hjördreyrugur (935)  
*hord* (fjársjóður) = hodd (2773)  
*heaðorinc* (stríðsmaður) = höðrekkur (2466)  
*heaðoswát* (blóð) = höðsviti (1460)  
*hryre* (fall, dauði) = hrör (3179)  
*léod* (maður) = ljóði (2603)  
*nearh* (hestur) = mar (2163)  
*metod* (örlög, Guð) = mjötuður (2527)  
*swiðhicgende* (hugaður) = svinnhugaður (1016)  
*undermæl* (morgun) = undornmál (1428)



Eins og sést með samyrðinu *cyning*—„konungur“ í (2) er oft blæbrigðamunur á merkingu orðanna. Í (5) er nafnorðið *gerysne* þýtt með samyrðinu „reisn“; fornenska orðið merkir sæmd, rétt breytni, virðuleg framkoma, en íslenska orðið bætir við hugmyndum um myndarskap og glæsileika. Ekki verður séð að þýðinguna saki í þessu tilfelli, en þó kemur fyrir að Halldóra varðveitir fornenska orðið þó að merkingin sé verulega frábrugðin. Dæmi er orðið *mæg*, sem kemur fyrir um 35 sinnum í kvæðinu og merkir ættingi; átt er oftast við son, föður, bróður eða annan náfrænda, en stundum við ættmenn yfirleitt. 17 sinnum þýðir Halldóra þetta með samyrðinu „mágur“ — ekki síst á þeim stöðum þar sem auðmerkt er af samhenginu að um frænda en ekki mág sé að ræða. (Aðrar þýðingar eru „ættingi“ 7 sinnum, „frændi“ 5 sinnum og „bróðir“ þrisvar.) Hún gerir þá skýru kröfu til lesandans að hann túlki orðið „mágur“ á óvanalegan hátt.

Svipað dæmi er samyrðið *searo*—„sörvi“ sem á fornensku merkir kænlega smíðaður gripur, hertygi, en oftast gimsteinn eða hálsmen á íslensku. Í eftirfarandi dæmi er merkingu orðsins verulega breytt í þýðingunni:

- (10) Geseah þá on searwum sigeéadig bil  
= Sá hann þá sörvum sigurbíld lagðan (1557)

Hér er sagt frá því að Bjólfur berst við móður Grendils í helli undir nykurtjörn, og sér sverð sem hann nær taki á og bjargar þannig lífinu. Merking fornenska textans er óljós þar sem hægt er að túlka „on searwum“ á margan hátt. Setningin virðist þýða „sá hann þá sigursælt sverð *i hertygjum*“, en ekki er ljóst hvort sverðið lá meðal hertygja eða hvort Bjólfur er „*i hertygjum*“; eins gæti *on searwum* merkt „*i orustu*“. Þýðing Halldóru er þó líklega ekki rétt. Hinsvegar er ljóst að Halldóra misþýðir hér ekki af vanþekkingu; alls staðar í þessari löngu kviðu sýnir hún svo ekki verður um villst að hún hefur full tök á fornensku og fráleitt að álykta að hún gripi til fyrstu þýðingar sem henni dettur í hug. Þetta er öllu fremur meðvituð þýðingastefna; eins og rætt verður nánar um síðar í þessari grein metur Halldóra málfar frumtextans meir í þessu tilfelli heldur en efni hans.

3.2 *Notkun hliðstæðra orða*

Um yfirborðsþýðingu aðra en samyrði er mikið í þýðingunni. Þegar samyrði verður ekki við komið notar Halldóra gjarnan óskýlt orð sem svipar til fornenska orðsins. *Hláford* (konungur, húsbóndi) kemur fyrir 9 sinnum í kvæðinu; orðið er myndað af *hláf* (hleifur) og *weard* (vörður) og verður að *lord* í nútímaensku. „Lávarður“ mun vera tökuorð frá 12. öld.<sup>16</sup> Samyrðið „hleifvörður“ hefur Halldóru greinilega þótt of fornfálegt, en „lávarður“ óhæft, e.t.v. vegna merkingar þess í nútímamáli. Þegar orðið kemur fyrst fyrir í 267. línu hafði Halldóra „hleifvörð“ í vélritun, en breytti með eigin hendi í „hlévörð“; í spássíunni er skrifað „fer vel“ með hendi Stefáns Einarssonar. Nýja orðið notar hún svo átta sinnum sem þýðingu fyrir *hláfweard*, en einu sinni hefur hún „herra“.

Mjög víða, þegar samyrði er ekki fyrir hendi, eða þegar hún hafnar samyrði vegna stils eða merkingar, grípur Halldóra á þennan hátt til keimlíks íslensks orðs sem ber gjarnan stuðul frumorðsins. Slíkar þýðingar verða kallaðar *hliðstæður* í þessari grein. Dæmi: *ellorgæst* (annarlegur draugur, sagt um Grendil, 1617) = „illyrmi“; *óretmeccas* (orustumenn, 481) = „örvameiðar“; *scapan* (þeir sem skaða, hermenn, 1895) = „skatnar“; *brentingas* (skip, 2807) = „byrðingar“. Stundum hafnar Halldóra hugsanlegu samyrði og notar hliðstætt orð í staðinn: samyrðið „höðsjúkum“ hefði getað komið fyrir *headosiocum* (2754), en í staðinn notar hún hliðstæðuna „helsærðum“. *Sceþðan* er oftast þýtt með samyrðinu „skaða“ í kvæðinu, en í 1033. línu notar Halldóra í staðinn hliðstæðuna „skerða“. *Efnan* verður „efna“ í 2535. línu en „efla“ í 1041. línu. *Searoniðas* (ofbeldi vopna) verður „skálmnauð“ í 1200. línu og „sverðagný“ í 3067. línu, en samyrðið „sörvanið“ er af skiljanlegum ástæðum ekki notað, enda þótt „sörvi“ komi fyrir annars staðar sem þýðing á *searo*, sbr. dæmi (10).

3.3. *Eftirlíking*

Í lýsingu á viðureign Bjólfs og móður Grendils í helli undir nykurtjörn er sagt frá fangbrögðum Bjólfs:

(11a)

Gefeng þá be eaxle — nalas for fæhðe mearn (1537)

Orðrétt: „Greip þá í öxl — kveið alls ekki átökum.“ (Forsetningin „be“ verður að „by“ í nútímaensku). Þýðing Halldóru er á þessa leið:

(11b) Greip þá um bægsli — glímdi ósmeykur

Hér er fornenska orðið *eaxl* þýtt með „bægsli“; Halldóra hefur hafnað samyrðinu „öxl“, þó að „Greip þá í öxl“ yrði ágæt þýðing. Orðið *eaxl* kemur fyrir 9 sinnum í kvæðinu, þar af tvisvar í samsettum orðum, en á öllum þessum stöðum notar Halldóra samyrðið „öxl“ nema hér. „Bægsli“ er greinilega einhverskonar endurspeglun af orðunum *be eaxe*.

Þetta teldist líklega ekki nema skemmtileg tilviljun væri það einangrað dæmi í þýðingunni. Ef til vill hefði Halldóra viljað lýsa móður Grendils sem vatnaófreskju þó að samlíking orðanna hefði ekki komið til, og ekki er um að sakast þótt þýðandi „endurbæti“ frumtextann þegar færi gefst til að vega upp á móti því sem glatast hefur annars staðar. En á fjölmörgum stöðum öðrum hefur Halldóra leyft yfirborðsgerð frumtextans að leika frjálst um huga sér og mynda hugrenningatengsl sem birtast svo í þýðingunni, stundum með því að skeyta saman orðum eins og hér, stundum með stafavíxlum, en oft með því að nota lík orð sem hafa allt aðra merkingu. Í veislu í Hirti gengur Valþjóf, drottning Hróðgeirs konungs, um beina:

(12a) Ymbéode þá ides Helminga (620)

Orðrétt þýðing: „Um gekk þá kona (af ætt) Helminga.“ Sögnin er *ymb-gán*, að ganga um; í þátíð *ymb-éode*. Þýðing Halldóru hljóðar svo:

(12b) = Um gékk og *baud* ættvif Helminga

Við fyrsta lestur mætti e.t.v. álykta að Halldóra hafi misskilið sögnina og haldið að hún væri *\*ym-béode*, „um-bauð“. En ekki misskilur hún þátíðarmyndina af *gán* annars staðar í kviðunni, alls á um 20 stöðum; einnig hefur hún réttu þýðinguna með: „Um gekk“. Frekar er hér um meðvitað stílbragð að ræða, enda

skortir ekki hliðstæð dæmi. Hafðu hraðan á, segir Hróðgeir konungur, og bjóddu Bjólfi og köppum hans inn til mín —

- (13) *Béo þú on ofeste, hát in gán* (386)

Orðrétt þýðing: „Vertu með hraða, láttu inn ganga.“ Sögnin er *béon*, að vera.

= *Bjóð þú inn bráðasta brögnum inn ganga*

Stundum verður eftirlíking til með einhverskonar stafabrengli:

- (14) *scyld / geolorand tó gúðe* (438)  
Orðrétt: „skjöld með *gulri rönd* til orustu“  
= skjöld *glóandi* til gunnar

- (15) Nalles hólinga Hóces dohtor . . . bemearn (1076)  
Orðrétt: „Ekki að *ástæðulausu* Haka dóttir . . . syrgði“  
= *Hló* eigi hugur Haka dóttur

Oft er þó um beina endurspeglun fornenska orðsins að ræða:

- (16) *on féonda geweald feor síðian* (808)  
Orðrétt: „á vald fjanda ferðast langt (í burt),“  
þ.e. fara til helvítis. *Síðian* er sögnin  
að ferðast, *feor* atviksorð.  
= á fjanda vald *fara síðan*

- (17) *Þone on géardagum Grendel nemdon / foldbúende* (1354)  
Orðrétt (samyr): „Þann í árdaga Grendil nefndu foldbú-  
endur“  
= *Gaur* þenna forðum Grendil nefndu / foldbúendur

(Tvíhljóðið *éa* á fornensku samsvarar reglulega til *au* á íslensku: *fréas*=fraus, *bréad*=brauð, *léas*=laus osfrv. — en ekki í þessu tilfelli.)

- (18) Hyrde ic þæt þæm *frætsum* féower mearas  
*lungre* gelíce last weardode (2163-4)  
Orðrétt: „Heyrði ég að þessum dýrum gripum  
(*frætsum*) fylgdu fjórir skjótir (*lungre*) og líkir hestar“  
= *Frétti* ég að fylgdu fjórir marar,  
*lungar* líkir, litfóróttir

Oft virðist sem útlit orðsins eins og það er prentað á blaðsiðunni hafi áhrif á þýðinguna; t.d. getur stafurinn p hæglega minnt á þ og þannig fætt að sér ð. *Nipende niht* (sögnin er *nipan*, að sortna) verður „nótt niðdimm“ (547) og „niðmyrk nótt“ (649); *þryðum dealle* (dádum frægir) verður hinsvegar „þreklega þrúðir“ (494). Svipað er þegar *heaðodéorum* (ágætum í orustu, 772) og *heaporaesas* (orustuáhlaup, 1047) verða bæði að „höfuðstríð“, og hefur Halldóra orðið *heafod*, „höfuð“ í huga. Engu að síður notar hún samyrðin „þrúðlegur“ fyrir *þryðlic* og „höð“ fyrir *heapo-* á öðrum stöðum.

Samtals hef ég talið um 110 staði þar sem greinilegt er að yfirborðsgerð frumtextans hefur haft bein áhrif á þýðinguna, eða í 29. hverri línu að jafnaði; og vafalaust mætti finna fleiri. Eftir að hafa gert sér grein fyrir þessari þýðingartækni verður sá sem ber saman frumtexta og þýðingu æ oftast var við yfirborðs-efirlíkingar sem annars þættu tilviljanir einar:

- (19)            *hond sweng ne ofteah* (1520)  
 Orðrétt: „hönd dró ekki úr höggi“,  
 sögnin er *oftéon*, að synja um, halda aftur  
 = hönd fylgir *eftir*

— en einnig þykist ég sjá eftirlíkingar á stöðum þar sem öðrum þætti e.t.v. vafamál:

- (20)            *op þæt semninga* (644)  
 Orðrétt: „uns fljótlega“  
 = uns á *svefnmálum*
- (21)            *ic þis gid be þe / áwræc* (1723-4)  
 Orðrétt: „ég segi þér þetta spakmæli“;  
*gid*, sögur, ræða; *áwrecan*, hafa yfir  
 = *gáðu* að orðum aldræðs manns
- (22)            *éode yrremód* (726)  
 Orðrétt: „gekk reiður“  
 = í jötunmóð
- (23)            *feorh oðferede* (2141)  
 Orðrétt: „líf bar burt“, þ.e. komst lífs af;  
 sögnin er *oð-ferian*, að „ferja“ burt  
 = fjöri *forðaði*

- (24) ne tó gnéad gifa Géata léodum (1930)  
 Orðrétt: „né (of) nísk með gjöfum til fólks Gauta“  
 = eða knífði við kappa Gauta

## 3. 4

Þessi þríþætta skilgreining á yfirborðspýðingu er tilraun til að skýra í grófum dráttum frá ákveðnum þáttum í þýðingartækni Halldóru, en dugir hvergi nærri sem nákvæm lýsing. Skilin milli tegunda eru ekki skörp, og fleiri en ein tegund kunna að birtast í einstöku tilfalli. Aðalmunurinn á hliðstæðu og eftirlíkingu er setningafræðilegur: hliðstæð orð standa í fullri setningafræðilegri samsvörun við frumtextann, en ekki er það svo um eftirlíkingar. Áður hefur verið rætt um yfirborðspýðingu með notkun skyldra orða en ekki samyrða. Oft kemur fyrir, að yfirborðseftirlíking af sömu gerð og *feor síðian* = „fara síðan“ (16) verður til með skyldum orðum, og er þá einhverskonar sambland af samyrði og hliðstæðu:

- (25) mynte se *mánscaða* manna cynnes  
 sumne besyrwan in sele þám héan (712-3)  
 Orðrétt: „ætlaði sá *meinskaði* (Grendill) að snara (besyrwan) einhverjum manna kyns (sumne manna cynes) í þeim háa sali“  
 = hugði *meinskaða* manna sonum  
 ýmsum snarleg í þeim sali háam
- (26) *wig* calle fornam / Finnes þegna (1080-1)  
 Orðrétt: „*wig* (ófriður) hafði numið brott (fornam) alla þegna Finns“  
 = *vegnir* allir / Finns þegnar
- (27) Nis þæt *feor* heonan  
 mílemearces þæt se mere *standeð* (1361-2)  
 Orðrétt: „Ekki er langt héðan í mílum að telja þangað sem vatnið liggur (stendur)“  
 = *Farinn* er þaðan  
 snertispöluur til *stöðuvatns*
- (28) Þá ic furðum *wéold folce* Deniga (465)  
 Orðrétt: „þegar ég forðum réð yfir fólki Dana“  
 = Þá eg forðum varð *fylkir* Dana

- (29) helm Scyldinga (passim)  
 Orðrétt: „hjálmur Skjöldunga“, þ.e. konungur Dana  
 = hilmir Skjöldunga

## 4

Í upphafi nefndi ég átök milli forms og efnis í þýðingarferlinu. Samyrð þýðing er samkvæmt skilgreiningu orðrétt en ekki nauðsynlega merkingarlega rétt; þýðandi hefur afsalað sér allri stjórn á þýðingarferlinu, hann verður skrásetjari fremur en þýðandi. Hliðstæð þýðing er einnig orðrétt samkvæmt skilgreiningu, en líklegri til að vera merkingarlega rétt þar sem þýðandi hefur aftur tekið við stjórn að vissu leyti. Oft velur Halldóra hliðstæða þýðingu í stað samyrðis einmitt til þess að nálgast betur merkingu frumtextans. (3.2).

Eftirlíking er hinsvegar sjaldan orðrétt, og þýðandi hefur mun betri stjórn á þýðingarferlinu: hún er þannig frjóasta mynd yfirborðsþýðingar, og leiðir þýðandann oft út á ótroðna stigu.

Athugum næsta dæmi:

- (30) Duguð ellor sceóc (2254)  
 = Dáð öll skekin

*Duguð* merkir hirðmenn, húskarlar, comitatus; *ellor* er atviks-orð: annars staðar, á annan stað, á braut (ísl. „ella(r)“), og merkir hér „í annan heim“; *sceóc* er þátíð (hér með þáliðna merkingu) sagnarinnar *sceacan*, sem merkir hér að hverfa, fara á braut, e.t.v. með svíplegum hætti; samyrðið er skaka, skók. Setningin merkir því: Hirðmennirnir höfðu yfirgefið staðinn, orðið dauðanum að bráð. Skáldið er að lýsa söknuði manns sem stendur einn eftir og minnst herra síns; nú er höfðinginn fallinn og menn hans sundraðir eða dauðir. Þýðing Halldóru er stórt skref frá bókstafsmerkingu frumtextans, og vera má að ýmsum sýnist hún hafa rasað um ráð fram, skeytt lítt um merkingu frumtextans, jafnvel hreinlega misskilið. En slíkt tel ég alrangt. Bókstafsmerking frumtextans, sú „orðréttta þýðing“ sem Guðbergur harmar, er henni ekki keppikefli; hún er heilluð af tóni og undiröldu málsins, enda er andi frumtextans hér lifandi kominn, eyðilegging og söknuður; hin torræða sögn *sceacan*, með sínum myrka undirtóni, nýtur sín hér til fulls.

Á stöku stað er efnislegur munur milli þýðingar Halldóru og annarra þýðinga. Þetta gerist t.d. þegar skoðanir eru skiptar um merkingu frumtextans, og fer Halldóra þá gjarnan sínar leiðir. En a.m.k. á einum stað virðist hún hnika söguþræðinum verulega til:

- (31)            ond Heardréde hildeméceas  
                   under bordhréodan tó bonan wurdon (2202)  
                   = og Harðráðar hildimegir  
                   undir breiðskjöldum bana hlutu.

Frumtextinn útleggst: „og sverð (hildimækir) urðu Harðráði að bana undir skjaldavígi“. Hinn ungi skjólstæðingur Bjólfs, Harðráður Gautakonungur, lætur lífið í árás Svía.

Svo virðist við fyrstu sýn sem Halldóra taki *Heardréde* sem eignarfall og fari línuvillt í orðaskránni þar sem *hildeméce* „hildimækir, sverð“, og *hildemecg*, „hermaður“, standa hlið við hlið.<sup>17</sup>

En þessi skýring stenst enganveginn. Halldóra misskilur orðið ekki annars staðar, en það kemur fyrir 12 sinnum, og níu sinnum notar hún samyrðið „mækir“. Orðið *-mecg* kemur fyrir sex sinnum, alltaf í samsettum orðum, og er þýtt með hliðstæðunni „meiður“ þrisvar, „gumi“ og „mögur“ einu sinni hvort, og einu sinni er sneitt framhjá. *Hildemecgas*, orðið sem Halldóra kann að hafa tekið í misgripum, kemur aðeins einu sinni fyrir, í 799. línu, og er þýtt með orðinu „hildarmegir“; en á milli eru um 1400 línur. Ferskari í minni Halldóru voru vafalítið *beadoméce* = „böðmækir“ 1454 og *hæftméce* = „heftimækir“ 1457. Það síðastnefnda hefur vafalaust orðið henni sérstaklega minnisstætt: *hæftméce* sá sem Bjólfur tekur með sér þegar hann kafar til botns í Grendilstjörn minnir á „heptisax“ það sem Grettir mætir í viðureign sinni við fossbúa, enda koma þessi orð hvergi annars staðar fyrir.<sup>18</sup> Varla hefur slíkt farið framhjá Halldóru, enda skírskotar hún til Grettlu með þýðingunni „*heftimækir*“ frekar en samyrðinu „*haftmækir*“.

Halldóra merkti handrit sitt með dagsetningu, þannig að glöggt má fylgjast við vinnuhraða hennar á hverjum tíma. Af þessu sést að hún þýðir *hildemecgas* í 799. línu síðari hluta



marsmánaðar 1967, en vann lítið í apríl. Í síðari hluta maímánaðar sama árs byrjar hún að vinna af krafti, og þýðir *beadomécas* 1454 og *hæftméce* 1457 í byrjun júní; er vinnuhraðinn mikill í júní og júlí, og í fyrstu viku ágústmánaðar 1967 er hún kominn að 2202. línu. Af þessu sést að þegar hún þýðir kaflann um dauða Harðráðs eru liðnir rúmlega fjórir mánuðir frá því hún þýddi *hildemecgas* með „hildarmegir“ 799, en aðeins tæplega tveir mánuðir síðan hún þýddi *beadoméceas* 1454 og *hæftméce* 1457 með samyrðinu „mækir“. Því er ólíklegt að „hildarmegir“ hafi verið henni ofarlega í huga, og allt bendir til að „misþýðingin“ stafi ekki af misskilningi. Halldóra hafi notað hliðstæðu í stað samyrðis og breytt merkingunni af ásettu ráði. Hvers vegna?

Fjórum línnum síðar virðist henni aftur hafa orðið á: í 2206. línu er enn sagt frá dauða Harðráðs, og hann nefndur þar frændi Herreks (líklega var Herrekur bróðir Hygðar, móður Harðráðs). En í þýðingunni lætur Halldóra Herrek falla í stað Harðráðs:

- (32) niða genægðan nefan Hererices (2206)  
 (með ófriði (þeir) réðust á frænda Herreks)  
 = og Herrek felldu, Hygðar bróður —

Halldóra virðist staðráðin í að fella alla nánustu liðsmenn Harðráðs í átökunum og láta dauða Harðráðs sjálfs liggja milli hluta.

En til þess hefur hún góða ástæðu. Ekki er að efa, að Svíar gengu hart fram í orustunni, og felldu alla af konungsætt Gauta sem þeir náðu til. Þetta sést af eftirleiknum, þar sem Bjólfur tekur við ríkinu, en hann og Harðráður voru systkinasynir. Frásögn Halldóru af dauða Herreks samræmist því vel sögunni. En hvað veldur því að hún dregur þennan óþekkta frænda fram í dagsljósið?

Það er einkennandi fyrir skáld Bjólfskviðu að einmitt hér, þegar leikurinn stendur sem hæst, vitnar það í hina torskyldu nafnaflækju ættarsamfélagsins, og talar um „frænda Herreks“, sem fáfróður lesandi ber ekki kennsl á. Hér birtist vandi þýðandans í skýru ljósi: — ef nefna á konunginn réttu nafni svo lesandi skilji hvað um er að vera, þá kemur það frásögninni

harla lítið við að frændi hans heiti Herrekur; betur væri að sleppa honum alveg.<sup>19</sup> En Halldóra leysir vandann á meistara-  
legan hátt með því að lofa Herreki að taka virkan þátt í átök-  
unum. Það sem virðist misþýðing við fyrstu sýn er öllu fremur  
skörp og liðug lausn á vandasömum kafla í þýðingunni.

## 5

Ketil Flatneb hight a man: þannig hljómar upphaf enskrar  
Laxdælupýðingar frá síðustu aldamótum, með „orðaröð sem  
aldrei hefur tíðkast á ensku, jafnvel ekki þegar *hight* var algeng  
orðmynd“.<sup>20</sup> Svo virðist sem enskar þýðingar á íslenskum mið-  
aldarbókmenntum á síðari hluta 19. aldar hafi margar ein-  
kennst af samskonar umhyggju fyrir yfirborðsgerð frumtextans  
og birtist í Bjólfskviðupýðingu Halldóru B. Björnsson. William  
Morris er þar að sjálfsögðu fremstur í flokki með þýðingum sín-  
um á Íslendingasögum,<sup>21</sup> og hreppti bæði lof og last frá sam-  
tíðarmönnum sínum fyrir fyrnt mál og fornfáleghheit.<sup>22</sup> Rand-  
olph Quirk gerir skýran greinarmun á þessu tvennu en að mati  
hans eru aðaleinkenni málsins í þýðingum Morris ekki fyrning  
heldur einhverskonar *íslenskun* enskunnar.

A language from which we are translating may hold such a fascination for  
us that we want to produce its every verb, compound, and syntactical ar-  
rangement with an image which is as faithful as the camera of our own  
literary genius can photograph it: we want our reader to taste the same  
sequence of exotic semantic delights *in his interpretation of our translation*  
as we ourselves taste in the original (leturbr. mín).<sup>23</sup>

Afstaða Quirk er skýr: slík þýðing er ekki fullkomnari en svo,  
að hún þarfnast enn frekari „þýðingar“ (interpretation) hjá  
lesandanum. Morris að sögn Quirk „seeks a transmission of his  
own experience“, hann leitast við að miðla eigin upplifun. En  
þetta er ekki fundið Morris til foráttu. Quirk ber saman þýð-  
ingar Morris og Dasent, og finnur allt aðra stefnu í þýðingu  
Dasent á Njálu, viðleitni til að snerta lesandann á svipaðan hátt  
og frumtextinn hafi snortið miðaldaíslending; en Quirk gerir  
ekki upp á milli þessara stefna. „These two great translators“  
kallar Quirk bæði Dasent og Morris, og bendir á að af vinsæld-  
um þýðinga þeirra beggja að dæma séu þeir jafnir að ágætum.

Þýðing Morris á Bjólfskviðu<sup>24</sup> er af svipuðum toga spunnin og þýðingar hans úr íslensku, enda má finna þar margt sem minnir á aðferðir Halldóru. Samyrði eru notuð víða, og ekki skeytt um þótt merking orðanna hafi breyst verulega. Þannig merkir „dreary“ blóðugur eða dreyrugur (fe. *dréorig*), en ekki ömurlegur eins og í nútímaensku; „moody“ merkir hugaður en ekki skappungur, „boot“ þýðir bót en ekki stígvél. Sum orð þóttu þýðanda sjálfum það framandi að orðasafn var látið fylgja þýðingunni þar sem 78 orð eru útskýrð; þar gefur að líta forn orð svo sem „brook“ (nota), „fathom“ (faðma), „halse“ (háls), „hote“ (hét), „lyke“ (lík), „yode“ (gekk), sem þekkjanleg eru úr eldri bókmenntum, en einnig eru þar orð sem væru annars óþekkjanleg öllum nema Íslendingum og fræðimönnum í fornensku og enskum mállýskum: „eoten“ (jötunn), „gar“ (geir), „graithly“ (greiðlega), „hild-play“ (orusta), „low“ (logi, eldur), „nicor“ (nykur), „skink“ (skenkja), o.s.frv. Orðaröð er oft verulega frábrugðin ensku, jafnvel 19. aldar ljóðagerð: *wine mín Béowulf* verður „O Beowulf friend mine“. Sem dæmi um sérlega torskilið mál mætti nefna „Brim Beowulf waxed“ í 18. línu. „Brim“ er skýrt sem „sjór“ í orðasafninu og merkir það vafalaust víða, en hér hjálpar skýringin ekki til, því frumtextinn hefur *Béowulf was bréme* (Bjólfur var frægur), og engin leið að sjá að Morris notar „brim“ sem lýsingarorð.

Fróðlegt væri að athuga nánar aðferðir Morris við að ná fram yfirborðseftirlíkingu, því ýmsum þáttum í tækni hans virðist svipa mjög til aðferða Halldóru. Auk samyrða notar Morris skyld orð í ónákvæmri samsvörun (3.1). Einnig má finna merki hliðstæðrar þýðingar: t.d. notar Morris hið ókennilega orð „outfain“ fyrir *útfús*, og er þetta dæmigerð hliðstæða eins og *scapan* „skatnar“ hjá Halldóru, keimlíkt og merkingarlega rétt. Nánari athugun á þýðingartækni Morris leiddi e.t.v. í ljós fleiri þætti sambærilega við þýðingu Halldóru og ljóst er að svipuð afstaða til frumtextans býr að baki báðum þýðingum. En þegar litið er á gæði þýðingarinnar er samanburður ekki Morris í hag. Þó að bæði Halldóra og Morris kynnu að hafa svipaðan tilgang — að miðla eigin upplifun — eru aðstæður þeirra harla ólíkar. Ef við berum notkun Morris á orðum eins og „graithly“ og

„hild-play“ saman við fyrnd samyrði hjá Halldóru, sbr. dæmi (9), sést að þó að tæknin sé sú sama hjá báðum, eru áhrifin önnur. Hjá Morris verða stílof, hann reynir að endurskapa málfar sem móðurmál hans ræður ekki lengur við. En um mál Halldóru gildir annað. Nútímaíslenska er ólíkt betur í stakk búin til að taka við áhrifum frá fornensku en aldamótaenska.

Forsendurnar eru því einnig ólíkar. Morris er skáld og fræðimaður, vill miðla eigin upplifun sökum gildis hennar einnar. Ekki er að efa að skáldið Halldóra meti eigin upplifun jafnmikils, en hjá henni koma einnig aðrir þættir til sögunnar.

Hér verðum við að rifja upp orð Guðbergs um orðréttar þýðingar: þær eru „bókmenntalega séð rangar.“ Sem sagt við venjulegar aðstæður er ekki unnt að þýða bæði form og efni; í „rétttri“ þýðingu fara yfirborðseinkenni forgörðum. J.C. Catford lýsir þessu þannig:

In 'total' translation SL (source language) grammar and lexis are replaced by TL (target language) grammar and lexis. This replacement entails the replacement of SL phonology/graphology, but this is not normally replacement by TL *equivalents*, hence there is no translation, in our sense, at that level.<sup>25</sup>

Samkvæmt skilgreiningu Catfords krefst „fullþýðing“ (total translation) þess við venjulegar aðstæður að ýmsir yfirborðsþættir séu *ekki* þýddir, þ.e. að *equivalence* eða jafngildi sé ekki til staðar í hljóðfræðilegri yfirborðsgerð. Þegar Quirk talar um að lesendur Morris eigi *eftir* að þýða eða útskýra (interpret) ýmislegt í þýðingunni á hann við, samkvæmt Catford, að Morris hafi gert tilraun til að þýða ýmsa þætti í yfirborðsgerðinni, og að þessi tilraun hafi valdið því að þýðingin sé ekki lengur fullþýðing. En Catford gætir þess að tala um *venjulegar* aðstæður. Í neðanmáls athugasemd gerir hann ráð fyrir því að við vissar aðstæður verði umskipti („concomitant replacement“) í hljóðfræðilegri yfirborðsgerð, eins og þegar japanska orðið „ie“ er þýtt með „yeah“ á ensku. Þegar þetta gerist í fullþýðingu er það venjulega af einskærri tilviljun; þó kemur fyrir að tilraunir séu gerðar til hljóðfræðilegs jafngildis í fullþýðingu, og nefnir Catford sem dæmi talþýðingar í kvikmyndagerð og *ljóðabýðingar*.

Caillé nefnir dæmi um talþýðingar (dubbing) í kvikmynd þegar „l'Amérique du Sud“ var þýtt „in Mexico“ til að falla að varahreyfingum leikarans.<sup>26</sup> Hér var viss þáttur í yfirborðsgerð textans talinn mikilvægari en merking setningarinnar.

Sem ljóðþýðing fellur Bjólfskviða einnig að skilgreiningu Catford enda þótt ólíklegt sé að Catford hafi kerfisbundna yfirborðsþýðingu á borð við þýðingu Halldóru í huga. En eins og kvikmyndþýðandinn metur Halldóra vissa þætti í yfirborðsgerð Bjólfskviðu þannig, að þeir verðskuldi þýðingu ekki síður en merkingarþátturinn. Mat hennar ræðst að miklu leyti af þeim möguleikum sem skyldleiki málanna býður upp á og af þeim skáldskaparhefðum sem ennþá lifa í íslensku, og hljóta þau að veða þyngra á metunum hjá henni en hjá Morris sem þýðir á tungumál þar sem þessar hefðir eru löngu fallnar í gleymsku.

Quirk talar um „exotic semantic delights“ sem Morris upplifir þegar hann les Íslendingasögurnar, og bætir við: „Það að kunna tungumál svo það sé fullkomlega skiljanlegt og það að kunna það sem móðurmál er tvennt ólíkt.“<sup>27</sup> Nú eru fæstir þýðendur jafnvígir á bæði tungumálin, og verður Quirk því að gera ráð fyrir exotískum freistingum á vegi þeirra flestra; en þegar þýtt er úr fornu tungumáli er vandinn öllu meiri. Enginn þýðandi fær þann fullkomlega skilning á fornu tungumáli sem megnar að varpa hinu miskunnarlausu ljósi hvunn dagsins á allar dásemdarnar. Þó stendur móðurmál Halldóru nær fornensku en önnur mál. Ekki er með þessu sagt að nálægðin sé það mikil að hvunn dagsbirtan nái að lýsa inn í alla króka og kima, en hitt þykir mér líklegt, að málvitund og skáldskaparmennt Halldóru séu henni ekki síðri vegvísir en þeir sem skáldið og fræðimaðurinn William Morris hafði sér til fulltingis.<sup>28</sup>

1 Bjólfskviða. Halldóra B. Björnsson íslenskaði. Pétur Knútsson Ridgewell sá um útgáfuna. Alfred Flóki myndskreytti. Reykjavík: Fjölvi, 1983 (bls. 8).

2 Guðbergur Bergsson, „Um þýðingar“, Tímarit Máls og menningar 5. hefti, nóv. 1983, bls. 492–502 (498).

3 Af skemmra taginu þó: Y también cuando leía = Og einnig þegar hann las 1.54; Mire vuestra merced, señor, lo que dice = Yðar náð, hugsið um hvað þér segið 1.57 osfrv. Hinsvegar ef við víkkum hugtakið „orðrétt“

- og látum það ná til þýðingar þar sem ekkert er hvikað frá bókstafsmerkingu frumtextans, lengjast dæmi til muna. T.d. eru fyrstu fjórar málsgreinar 3. kafla 1. bindis af Don Kíkóta einkar nánin þýðing frumtextans. Miguel de Cervantes, *El Ingenioso Hidalgo Don Quijoto de la Mancha*, 1. bindi. Madrid: Ediciones 'La Lectura' 1911. — Miguel de Cervantes Saavedra, *Don Kíkóti frá Mancha*, 1. bindi. Guðbergur Bergsson íslenskaði. Reykjavík: Almenna bókafélagið 1981.
- 4 Guðbergur Bergsson 1983, bls. 496.
- 5 Snorri Hjartarson: *Hauströkkrið yfir mér*. Reykjavík: Mál og menning 1979. — Snorri Hjartarson, *Heystmyrkrið yvir mær*. Martin Næs týddi úr íslenskum. Tórshavn: Ord og lög, 1983 (bls. 74 í báðum).
- 6 Guðbergur Bergsson 1983, bls. 496.
- 7 Guðbergur Bergsson 1983, bls. 492.
- 8 Vegna verkfalls BSRB mun grein Helgu Kress birtast í næsta árg. Skírnis.
- 9 Um tengsl Bjólfskviðu við íslenskar miðaldabókmenntir ritar Óskar Halldórsson í Skírni, 1982: „Tröllasaga Bárðdæla og Grettluhöfundur“, bls. 5–36. Þar nefnir hann m.a. helstu ritin um þessi efni (ath. 6, bls. 33). Sjá einnig næstu athugasemd:
- 10 Að öllum líkindum var Stefán Einarsson upphafsmaður að þýðingu Halldóru. Í grein í Skírni 1936, „Widsið = Viðföru“, þar sem Stefán birtir þýðingu sína á fornenska kvæðinu Widsið, talar hann einnig um Bjólfskviðu og tengsl hennar við norrænar sagnir, og segir um þýðingu sína: „Ekki efast ég um, að hagrýðingar og skáld muni gera hér betur, enda ættu þeir að taka sig til og snara öllum ensku hetjukvæðunum og fyrst og fremst Bjólfskviðu á íslensku“ (bls. 184). Marijane Osborn nefnir í óbirtri doktorsritgerð (Stanford University 1968) að Stefán hafi í ódagsettu bréfi til sín frá 1965 stungið upp á Halldóru sem tilvöldum þýðanda og sagðist vonast til að fá hana til að vinna verkið (bls. 26).
- 11 Texti Halldóru var *Beowulf and the Fight at Finnesburg* edited . . . by Fr. Klaeber, Third Edition. Boston: D. C. Heath and Company, 1950. — Allar tilvitnanir úr fornenska textanum í þessari grein eru úr Klaeber.
- 12 John D. Niles, *Beowulf. The Poem and Its Traditions*. Cambridge Massachusetts: Harvard University Press, 1983 (bls. 142).
- 13 „The Wanderer“ 37–38 & 41–43. *The Anglo-Saxon Poetic Records Vol. III: The Exeter Book*. Edited by George Philip Krapp and Elliot Van Kirk Dobbie. New York & London 1936 (bls. 135).
- 14 Í viðbæti í C. B. Tinker, *The Translations of Beowulf* (Hamden Connecticut: Archen Books 1974) skráir Marijane Osborn rúmlega 70 heilar þýðingar á Bjólfskviðu á tólf tungumálum frá fyrstu latínubýðingum Thorkelíns 1815. Um 40 þeirra eru á bundnu máli, en í 13 tilfellum er reynt að líkja eftir bragarhætti frumtextans, oftast með því að nota einhverskonar stuðlasetningu; og ekki kemur það að óvörum að þessar 13 þýðingar eru allar gerðar á germönsk mál, 6 á ensku, 4 á þýsku, og ein á dönsku, norsku og sænsku hverja um sig.

- 15 Of langt mál yrði hér að skýra frá aðferðum og forsendum þessarar ahugunar, en að sinni verður látið nægja að nefna að talin eru öll merkningarleg morfem eða rætur textans að slepptum eiginnöfnum, en málfræðilegum morfemum er einnig sleppt.
- 16 Richard Cleasby and Gudbrand Vigfusson, *An Icelandic-English Dictionary*. Second Edition. Oxford 1957 (Undir „lávárðr“.)
- 17 Í Klaeber er greinagóð orðaskrá þar sem *hildemece* og *hidemecg* standa hlið við hlið, merkt greinilega með línutali (bls. 356).
- 18 Sjá Óskar Halldórsson, bls. 23 og athugasemd 28 bls. 35.
- 19 A.m.k. ein þýðing sem ég hef undir höndum sleppir Herreki og nefnir eingöngu Harðráð í 2206. línu: David Wright, *Beowulf*. London: Penguin Classics 1957 (bls. 79).
- 20 Randolf Quirk, *The Linguist and the English Language*, London: Edward Arnold 1974 (bls. 103). Þýðingin sem Quirk vitnar í er *The Story of the Laxdalers* eftir Robert Proctor (London 1903).
- 21 Morris kynntist Eiríki Magnússyni haustið 1868, og lærði hjá honum íslensku með því að gera þýðingu af Gunnlaugssögu orms tungu, sem birtist í janúarhefti *Fortnightly Review* 1869. Grettissaga fylgdi í kjölfarið, en auk þýðinga úr Eddukvæðum liggja eftir Morris og Eirík einar tíu sögur, þar á meðal *Eyrbyggja*, *Heimskringla* og *Völsungasaga*.
- 22 Sbr. G.A. Wilcox: „The quaint archaic English of the translation with just the right outlandish flavour, does much to disguise the inequalities and incompleteness of the original.“ *Ritdómur um þýðingu Morris á Völsungasögu* í *Academy*, ág. 1870, ii, 278-9, endurprentaður í *William Morris, The Critical Heritage*, ed. P. Faulkner. London: Routledge and Kegan Paul 1973, bls. 152–156 (153). Sjá einnig Susan Bassnett-McGuire, *Translation Studies*. London, Methuen 1980 (bls. 67).
- 23 Quirk, bls. 107.
- 24 *The Tale of Beowulf Sometime King of the Weder Geats*. Translated by William Morris and A.J. Wyatt. London, New York; Longmans, Green and Co. 1898.
- 25 J. C. Catford, *A Linguistic Theory of Translation*. London: Oxford University Press 1965 (bls. 22). Neðanmáls athugasemd sem vitnað er í er á sömu bls.
- 26 Pierre-Francois Caillé, *Cinéma et Traduction*, *Babel* 6, bls. 103–109. Tilvitnunin er í Eugene E. Nida, *Towards a Science of Translating*. Leiden: E.J. Brill 1964 (bls. 178).
- 27 Quirk, bls 107.
- 28 Helga Kress hefur veitt mér góðar ábendingar hvað varðar málfar og framsetningu í þessari grein.